

**29. ársþing SSNV,  
fjarfundur 16. apríl 2021**

---

# **FUNDARGERÐ**



**Ingibergur Guðmundsson  
Davíð Jóhannsson**

## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit .....	1
Dagskrá.....	2
Þingsetning, kjör þingforseta og þingritara .....	3
Nefndir þingsins og fundarboðendur þeirra .....	3
Skýrsla stjórnar SSVN og ársreikningur .....	3
Skýrsla stjórnar SSVN fyrir árið 2020 .....	3
Byggðagleraugu SSVN – viðurkenning .....	3
Ársreikningur 2020 .....	4
Fyrirspurnir og umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning. ....	4
Afbrigða leitað frá Samþykktum og þingsköpum SSVN .....	4
Erindi og kynningar.....	4
Áfangastaðastofa Norðurlands - Arnheiður Jóhannesdóttir, Markaðsstofu Norðurlands ..	4
Húnvetningur - staða sameiningarmála í A-Hún - RR ráðgjöf .....	4
Staða verkefna á Norðurlandi vestra í kjölfar óveðurs í desember 2019 - Verkís .....	4
Tillögur og ályktanir lagðar fram .....	5
Fulltrúatal .....	5
Nefndastörf.....	6
Afgreiðsla nefndarálita og ársreiknings .....	6
Fjárhagsnefnd .....	6
Stjórnskipulagsnefnd .....	7
Allsherjarnefnd .....	7
Ávörp gesta .....	8
Haraldur Benediktsson, 1. þingmaður Norðvesturkjördæmis .....	8
Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra .....	8
Aldís Hafsteinsdóttir, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga .....	8
Þinglok .....	8

## Dagskrá

### 08:30 Þingsetning: Ingibjörg Huld Þórðardóttir, formaður stjórnar SSNV (Þ4)

Kosning þingforseta, varaforseta, tveggja ritara, tveggja vararitara (Þ4)

#### **Kynning á nefndum þingsins – formenn þingnefnda**

Kjörnefnd (S4.3/Þ6) skipuð af stjórn, Allsherjarnefnd (Þ7), Fjárhagsnefnd (Þ7) og Stjórnskipulagsnefnd (Þ7)

### 08:40 Skýrsla stjórnar SSNV fyrir árið 2020 (S2.5)

Ingibjörg Huld Þórðardóttir, formaður stjórnar SSNV

#### **Ársreikningur 2020 (S2.5)**

Kristján Jónasson endurskoðandi

Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning

### 09.10 Erindi / Kynningar

Áfangastaðastofa Norðurlands - Arnheiður Jóhannesdóttir, Markaðsstofu Norðurlands  
Húnvetningur - staða sameiningarmála í A-Hún - RR ráðgjöf  
Staða verkefna á Norðurlandi vestra í kjölfar óveðurs í desember 2019 - Verkís

### 10:10 Kaffihlé

### 10:20 Fulltrúatal - Tillögur lagðar fram

*Fjárhagsnefnd*

- Ársreikningur SSNV 2020
- Laun og þóknun til stjórnar og nefnda

*Stjórnskipulagsnefnd*

- Samgöngu- og innviðanefnd SSNV

*Allsherjarnefnd*

- Ályktun um hagsmunamál sveitarfélaga á Norðurlandi vestra
- Samningur um Áfangastaðastofu Norðurlands

### 10:40 Nefndastörf

### 11:10 Afgreiðsla ársreiknings og annarra tillagna nefnda

### 11:30 Ávörp gesta

Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnaráðherra  
Haraldur Benediktsson, 1. þingmaður Norðvesturkjördæmis  
Aldís Hafsteinsdóttir, formaður stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

### 12:30 Þinglok

Áskilinn er réttur til breytinga á dagskrá (Þ3)

## Þingsetning, kjör þingforseta og þingritara

**Ingibjörg Huld Þórðardóttir, formaður stjórnar SSNV**, setti þingið og bauð þingfulltrúa og aðra gesti velkomna á þingið sem haldið var með fjarfundabúnaði vegna covid-19 ástandsins og fundar- og fjarlægðartakmarkana í tengslum við það. Tilnefndi hún Alexöndru Jóhannesdóttur sem 1. þingforseta og Valdimar O. Hermannsson sem 2. þingforseta. Þá lagði hann til að þingritarar væru Davíð Jóhannsson og Ingibergur Guðmundsson og varaþingritarar Kolfinna Kristínardóttir og Sveinbjörg Rut Pétursdóttir, starfsmenn SSNV.

Tillagan var samþykkt og tók þingforseti við stjórn þingsins.

## Nefndir þingsins og fundarboðendur þeirra

Þingforseti kynnti skipan kjörnefndar sem skipuð er af stjórn eigi síðar en 1. mars ár hvert.

*Kjörnefnd:*

Sigríður Regína Valdimarsdóttir, Sveitarfélaginu Skagafirði, formaður

Álfhildur Leifsdóttir, Sveitarfélaginu Skagafirði

Guðmundur Haukur Jakobsson, Blönduósbæ

Halldór G. Ólafsson, Sveitarfélaginu Skagaströnd

Þorleifur Karl Eggertsson, Húnaþingi vestra

Þá kynnti þingforseti nefndir þingsins og lagði til að eftirtaldir aðilar kölluðu nefndirnar saman:

*Fjárhagsnefnd:* Magnús Magnússon, Húnaþingi vestra

*Allsherjarnefnd:* Ragnhildur Haraldsdóttir, Húnavatnshreppi

*Stjórnskipulagsnefnd:* Hrefna Jóhannesdóttir, Akrahreppi

## Skýrsla stjórnar SSNV og ársreikningur

### Skýrsla stjórnar SSNV fyrir árið 2020

**Ingibjörg Huld Þórðardóttir, formaður stjórnar SSNV**, flutti skýrslu stjórnar fyrir árið 2020. Skýrslan er aðgengileg í gögnum ársþingsins á heimasíðu SSNV.

### Byggðagleraugu SSNV – viðurkenning

Þá kynnti **Ingibjörg Huld** „Byggðagleraugu SSNV“ en stjórn SSNV hefur ákveðið að veita á ársþingi ár hvert, viðurkenninguna **Byggðagleraugin**, þeirri stofnun eða ráðuneyti sem þykir hafa skarað fram úr í fjölgun starfa/verkefna í landshlutanum eða með öðrum hætti stuðlað að uppbyggingu hans.

Byggðagleraugu SSNV fyrir árið 2021 hlýtur *Vinumálastofnun* fyrir árangursríka uppbyggingu starfsstöðva stofnunarinnar á Hvammstanga og Skagaströnd. Starfsstöðvarnar báðar hafa mikla þýðingu fyrir samfélögin á Norðurlandi vestra og þykja fyrirmyndardæmi um árangursríkan flutning verkefna á landsbyggðina.

Vegna fyrirkomulags þingsins verður viðurkenningin afhent stofnuninni við fyrsta tækifæri.

## Ársreikningur 2020

**Kristján Jónasson, endurskoðandi**, fór yfir ársreikning SSNV fyrir árið 2020:

Ársreikningur SSNV: Rekstrartekjur voru 250.288.474 kr., rekstrargjöld 247.733.335 kr. og fjármunatekjur 866.671 kr., áhrif hlutdeildarfélagssins NVB voru 1.124.504 kr. Hagnaður varð því á rekstri að upphæð 4.546.314 kr.

Ársreikningurinn er aðgengilegur í gögnum ársþingsins á heimasíðu SSNV.

## Fyrirspurnir og umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning.

Til máls tóku: Unnur Valborg Hilmarsdóttir.

Síðan vísaði þingforseti ársreikningi 2020 til fjárhagsnefndar.

## Afbrigða leitað frá Samþykktum og þingsköpum SSNV

Áður en gengið var frekar til dagskrár óskaði þingforseti eftir því að þingfulltrúar samþykktu afbrigði frá gr. 2.1, gr. 6 og gr. 11 í Samþykktum og þingsköpum SSNV svo; a) kosningar verði eingöngu með handauppréttingu, b) þingfulltrúum sé heimilt að taka til máls í gegnum fjárfundabúnað.

Þessi afbrigði voru samþykkt og var þá gengið til dagskrár.

## Erindi og kynningar

### Áfangastaðastofa Norðurlands - Arnheiður Jóhannesdóttir, Markaðsstofu Norðurlands

Arnheiður kynnti stofnun Áfangastaðastofu Norðurlands. Hún studdist við glærur í erindi sínu og eru þær aðgengilegar í gögnum ársþingsins á heimasíðu SSNV.

### Húnvetningur - staða sameiningarmála í A-Hún - RR ráðgjöf

Róbert Ragnarsson, starfsmaður RR ráðgjafar, kynnti viðræður um möguleika á sameiningu sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu. Hann studdist við glærur í erindi sínu og eru þær aðgengilegar í gögnum ársþingsins á heimasíðu SSNV.

Til máls tóku: Valdimar O. Hermannsson

### Staða verkefna á Norðurlandi vestra í kjölfar óveðurs í desember 2019 - Verkís

Dóra Hjálmarsdóttir, rafmagnsfræðingur hjá Verkís, fór yfir stöðu þeirra verkefna sem farið var í eftir óveðrið í desember 2019. Hún studdist við glærur í erindi sínu og eru þær aðgengilegar í gögnum ársþingsins á heimasíðu SSNV.

## Tillögur og ályktanir lagðar fram

Fyrir þinginu lágu eftirfarandi tillögur sem sendar höfðu verið send út með fundarboði og vísaði þingforseti þeim til viðkomandi nefnda:

### Fjárhagsnefnd

- Ársreikningur SSNV 2020
- Laun og þóknun til stjórnar og nefnda

### Stjórnskipulagsnefnd

- Samgöngu- og innviðanefnd SSNV

### Allsherjarnefnd

- Ályktun um hagsmunamál sveitarfélaga á Norðurlandi vestra
- Samningur um Áfangastaðastofu Norðurlands

Ekki bárust aðrar tillögur.

## Fulltrúatal

Regína Valdimarsdóttir, formaður kjörnefndar, fór yfir fulltrúatal þingsins. Rétt til fundarsetu með atkvæðisrétti eiga 30 fulltrúar og af þeim eru 28 mættir. Mættir fulltrúar eru:

Nafn	Sveitarfélag	Aðal/vara
Hrefna Jóhannesdóttir	Akrahreppur	aðal
Drífa Árnadóttir	Akrahreppur	aðal
Guðmundur Haukur Jakobsson	Blönduós	aðal
Arnrún Bára Finnsdóttir	Blönduós	vara
Anna Margrét Sigurðardóttir	Blönduós	aðal
Gunnar Tryggvi Halldórsson	Blönduós	aðal
Berglind Hlín Baldursdóttir	Húnavatnshreppur	vara
Ragnhildur Haraldsdóttir	Húnavatnshreppur	aðal
Þorleifur Karl Eggertsson	Húnaþing vestra	aðal
Ingveldur Ása Konráðsdóttir	Húnaþing vestra	aðal
Friðrik Már Sigurðsson	Húnaþing vestra	aðal
Magnús Magnússon	Húnaþing vestra	aðal
Sigríður Ólafsdóttir	Húnaþing vestra	aðal
Dagný Rósa Úlfarsdóttir	Skagabyggð	aðal
Magnús Björnsson	Skagabyggð	aðal
Stefán Vagn Stefánsson	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Ingibjörg Huld Þórðardóttir	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Haraldur Þór Jóhannsson	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Gísli Sigurðsson	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Regína Valdimarsdóttir	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Gunnsteinn Björnsson	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Ólafur Bjarni Haraldsson	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Sveinn Þ. Finster Úlfarsson	Sv.fél. Skagafjörður	vara

Álfhildur Leifsdóttir	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Eyrún Sævarsdóttir	Sv.fél. Skagafjörður	vara
Halldór G. Ólafsson	Sv.fél. Skagaströnd	aðal
Péturína Laufey Jakobsdóttir	Sv.fél. Skagaströnd	aðal
Guðmundur Egill Erlendsson	Sv.fél. Skagaströnd	aðal

## Nefndastörf

Nefndir tóku nú til starfa. Að loknum nefndastörfum hófust fundarstörf aftur.

## Afgreiðsla nefndarálita og ársreiknings

### Fjárhagsnefnd

**Magnús Magnússon** gerði grein fyrir tillögum fjárhagsnefndar.

29. ársþing SSNV, haldið rafrænt 16. apríl 2021, samþykkir ársreikning SSNV fyrir árið 2020. Sjá fylgiskjal 1

Tillagan var samþykkt samhljóða.

29. ársþing SSNV, haldið rafrænt 16. apríl 2021, samþykkir eftirfarandi um laun og þóknun til stjórnar og nefnda SSNV fyrir árið 2021:

*Laun og þóknun til stjórnar og nefnda SSNV fylgi þingfararkaupi og ákvörðunum ferðakostnaðarnefndar fjármálaráðuneytisins um akstursgjald og dagpeninga:*

- a) *Laun formanns verði 6% af þingfararkaupi (nú 72.622 kr.)*
- b) *Laun annarra stjórnarmanna verði 3% af þingfararkaupi (nú 36.311 kr.)*
- c) *Laun fyrir stjórnarfundi og aðra fundi stjórnar og nefnda/fagráða verði 2,5% af þingfararkaupi (nú 30.259 kr.)*
- d) *Laun formanna nefnda/fagráða verði 3% af þingfararkaupi fyrir hvern fund í viðkomandi nefnd (nú 36.311 kr.)*
- e) *Hálft fæði verði greitt fyrir hvern fund stjórnar, samkvæmt ákvörðun ferðakostnaðarnefndar fjármálaráðuneytisins (nú 6.300 kr.)*
- f) *Akstur verði greiddur samkvæmt ákvörðun ferðakostnaðarnefndar fjármálaráðuneytisins um akstursgjald (nú 114 kr./km)*
- g) *Annar ferðakostnaður vegna ferða á vegum SSNV verði greiddur samkvæmt reikningi*

*Greiðslur til úthlutunarnefndar og fagráða Uppbyggingarsjóðs verði sem hér segir:*

1. *Fagráð - yfirferð umsókna*
  - a) *1-20 umsóknir – greitt sem ein fundarseta*
  - b) *21-70 umsóknir – greitt sem tvær fundarsetur*
  - c) *71-100 umsóknir – greitt sem þrjár fundarsetur*
2. *Svar við beiðni um rökstuðning vegna höfnunar á styrkbeiðni*
  - a) *1-5 beiðnir – greitt sem ein fundarseta*
  - b) *6-10 beiðnir – greitt sem tvær fundarsetur*

3. Önnur bréf vegna starfa á vegum Uppbyggingarsjóðs
  - a) 1-5 bréf – greitt sem ein fundarseta
  - b) 6-10 bréf – greitt sem tvær fundarsetur

*Ekki er sérstaklega greitt til formanna úthlutunarnefndar og fagráða vegna undirbúnings funda þar sem þeir fá hærri greiðslur fyrir fundarsetu en aðrir nefndarmenn.*

Tillagan var samþykkt samhljóða.

### Stjórnskipulagsnefnd

**Hrefna Jóhannesdóttir** gerði grein fyrir tillögum Stjórnskipulagsnefndar.

*29. ársþing SSNV, haldið rafrænt 16. apríl 2021, samþykkir að skipuð verði Samgöngu- og innviðanefnd SSNV. Nefndina skipi einn fulltrúi frá hverju sveitarfélagi á Norðurlandi vestra og skulu sveitarfélögin tilnefna hvert um sig sinn fulltrúa fyrir 30. maí nk.*

*Hlutverk nefndarinnar er að yfirfara gildandi samgöngu- og innviðaáætlun Norðurlands vestra og uppfæra eftir þörfum. Skal endurnýjuð áætlun lögð fyrir ársþing SSNV 2022.*

#### Greinargerð:

*Vinnu við gerð nógildandi samgöngu- og innviðaáætlun Norðurlands vestra lauk í júní 2019. Síðan þá hefur verið ráðist í nokkrar framkvæmdir sem tilgreindar voru í áætluninni auk þess sem áherslur einstakra sveitarfélaga kunna að hafa breyst. Því er ástæða til að hefja vinnu við að taka upp áætlunina að nýju, enda henni ætlað að vera lifandi plagg svo hún þjóni tilgangi sínum.*

Tillagan var samþykkt samhljóða.

### Allsherjarnefnd

**Ragnhildur Haraldsdóttir** gerði grein fyrir tillögum allsherjarnefndar.

*29. ársþing SSNV, haldið rafrænt 16. apríl 2021, samþykkir meðfylgjandi samning milli SSNV, SSNE, Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og Ferðamálastofu um stofnun áfangastaðastofu fyrir Norðurland og að gerður verði samningur við Markaðsstofu Norðurlands um rekstur áfangastaðastofunnar.*

Sjá fylgiskjal 2

Tillagan var samþykkt samhljóða.

*29. ársþing SSNV, haldið rafrænt 16. apríl 2021, samþykkir fyrirbyggjandi ályktun þingsins er snýr að hagsmunamálum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og íbúa þeirra.*

Sjá fylgiskjal 3

Tillagan var samþykkt samhljóða.



## Ávörp gesta

Þá bauð þingforseti gesti ársþingsins; Sigurð Inga Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Aldísi Hafsteinsdóttur, formann Sambands íslenskra sveitarfélaga og Harald Benediktsson, 1. þingmann Norðvesturkjördæmis, velkomna en þau fylgdust með þinginu og ávörpuðu það í gegnum fjarfundabúnað.

### **Haraldur Benediktsson, 1. þingmaður Norðvesturkjördæmis**

Haraldur ræddi fjölmörg þau málefni er snerta landshlutann. Ávarp hans er að finna í gögnum ársþingsins á heimasíðu SSNV.

**Til máls tóku:** Magnús Magnússon og svaraði Haraldur máli hans.

### **Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra**

Ráðherra fór vítt og breitt yfir þau hagsmunamál er varða hans ráðuneyti og snerta landshlutann. Ávarp hans er að finna í gögnum ársþingsins á heimasíðu SSNV.

**Til máls tóku:** Magnús Magnússon

### **Aldís Hafsteinsdóttir, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga**

Aldís þakkaði fyrir boðið að ávarpa þingið. Hún ræddi fjölmörg sameiginleg hagsmunamál sveitarfélaganna. Hún studdist við glærur í ávarpi sínu og eru þær aðgengilegar í gögnum ársþingsins á heimasíðu SSNV.

## Þinglok

**Alexandra Jóhannesdóttir, þingforseti,** þakkaði fyrir gott þing. Því næst gaf hún formanni SSNV orðið.

**Ingibjörg Huld Þórðardóttir, formaður SSNV,** þakkaði þingheimi og starfsmönnum þingsins og sagði þinginu slitið.

Þinggjörðina rituðu  
Ingibergur Guðmundsson og Davíð Jóhannsson,  
starfsmenn SSNV.